



Viðskiptabraut

Lögð er áhersla á viðskiptafræðigreinar, hagfræði og bókfærslu. Val um tvö svið:

Viðskiptasvið: áhersla á bókfærslu, stjórnun, lögfræði, markaðsfræði og fjármál.

Hagfræðisvið: áhersla á hagfræði, stærðfræði, bókfærslu og fjármál.

Góður undirbúningur fyrir nám í viðskipta- og hagfræði og félagsvísindum.

Náttúrufræðibraut

Á náttúrufræðibraut er lögð áhersla á raunvísindi. Val um þrjú svið:

Tæknisvið: áhersla á eðlisfræði og tölvur.

Góður undirbúningur fyrir nám í tölvufræði, eðlisfræði, verkfræði og öðrum tæknigreinum.

Heilbrigðisvið: áhersla á líffræði, efnafræði og næringarfræði.

Góður undirbúningur fyrir nám í læknisfræði, líffræði og öðrum greinum heilbrigðisvísinda.

Umhverfissvið: áhersla á jarðfræði og umhverfisfræði.

Góður undirbúningur fyrir nám í jarðfræði, landafræði og umhverfisfræði.

Félagsvísindabraut

Á félagsvísindabraut er lögð áhersla á félags- og hugvísindi.

Eftir að nemendur hafa tekið undirbúningsáfangna í félagsvísindum, sögu og heimspeki geta þeir sérhæft sig í sálfræði, fjölmiðlafræði, sögu, stjórn málafræði og félagsfræði.

Góður undirbúningur fyrir nám í félags- og hugvísindum og lögfræði.

Alþjóðabraut

Á alþjóðabraut er lögð áhersla á tungumál. Val um þrjú svið:

Alþjóðasamskiptasvið: áhersla á tungumál og félagsvísindi.

Góður undirbúningur fyrir nám í félags- og hugvísindum

Menningarsvið: áhersla á tungumál, menningu og listir.

Góður undirbúningur fyrir nám í hugvísindum og listgreinum.

Viðskiptasvið: áhersla á tungumál og viðskipti.

Góður undirbúningur fyrir nám í félagsvísindum, viðskipta- og hagfræðigreinum.

Hönnunar- og markaðsbraut

Á hönnunar- og markaðsbraut er lögð áhersla á hvernig markaðssetning og hönnun fara saman.

Nemendur sérhæfa sig í list- og verkgreinum ásamt því að taka áfanga í markaðsfræði og viðskiptum.

Góður undirbúningur fyrir nám í list- og hönnunargreinum.

Listnámsbraut

Á listnámsbraut er hægt að velja þrjú svið. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

Fata- og textílhönnunarsvið: leggur áherslu á textíl- og fatahönnun þar sem farið er í saumatækni, sniðagerð, hýbýlahönnun og ýmsa vinnu með efni og áferð. Nemendur hanna sína eigin fatalínu sem þeir sýna á stórri tískusýningu.

Leiklistarsvið: leggur áherslu á leiklist þar sem farið er í undirstöðuatriði leiklistar, sögu leiklistar, hinar ýmsu útfærslur leiklistarformsins og leikritagerðar. Einnig er kynning á ýmsum starfsstéttum innan leiklistarinnar. Nemendur setja á svið ýmis leikrit.

Myndlistasvið: leggur áherslu á teikningu, módel-teikningu, málun, myndbyggingu, Photoshop, skúlptúr, litafræði, ljósmyndun og myndbandagerð. Nemendur vinna stórt lokaverkefni sem endar á sýningu.

Góður undirbúningur fyrir nám í Listaháskóla Íslands eða annað listnám.



Námið

Í skólanum er boðið upp á ýmsar leiðir til náms. Boðið er upp á sjö brautir til stúdentsprófs. Skólinn býður einnig upp á nokkrar styttri námsbrautir.

Bóknámsbrautir skólans eru fimm og er stúdentsprófið 140 einingar. Allar bóknámsbrautir innihalda ákveðinn kjarna. Þar eru áfangar eins og: íslenska, enska, stærðfræði, danska, félagsvísindi, saga, umhverfisfræði, jarðfræði, líffræði, fjármálafræði, lífsleikni, listir- og verknám, íþróttir og þriðja tungumál.

Allar brautir eru góður undirbúningur fyrir nám á háskólastigi.

Íþróttabraut

Á íþróttabraut er lögð áhersla á íþróttir og heilsufræði. Náminu lýkur með stúdentsprófi.

Nemendur taka áfanga í íþróttum og íþróttufræði. Einnig taka þeir áfanga í líffræði og heilsufræði. Hver nemandi velur sér sérsvið í íþróttum.

Góður undirbúningur fyrir nám í íþrótt- og heilsuvísindum.



Sérstaða FG

- ✓ Ný og öflug námskrá á öllum bóknámsbrautum.
- ✓ Listnámsbraut, allir geta valið áfanga í list- og verkgreinum.
- ✓ Leiklistarbraut til stúdentsprófs.
- ✓ Sterk íþróttabraut.
- ✓ Söngleikur og DLT.
- ✓ Góð samskipti milli nemenda og kennara.
- ✓ Öflugt umsjónarkerfi.
- ✓ Skemmtilegt og fjölbreytt félagslíf.



Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

www.fg.is

fg@fg.is



Hönnun: Ásta María Sigmarsdóttir Ljmi: Gunnar Hólmsteinn Ársællson



Fjölbrautaskólinn
í Garðabæ